



Lokagreinargerð um stöðu aðgerða í þingsályktun um barnvænt Ísland – framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Útgefandi:

Mennta- og barnamálaráðuneytið

Lokagreinargerð um stöðu aðgerða í þingsályktun um barnvænt Ísland – framkvæmd barnasáttmála
Sameinuðu þjóðanna

Júlí 2025

mrn@mrn.is

www.mrn.is

Umbrot og textavinnsla:

Mennta- og barnamálaráðuneytið

©2025 Mennta- og barnamálaráðuneytið

ISBN 978-9935-436-91-7

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	5
1. Inngangur	8
2. Barnvænt Ísland - Staða aðgerða	10
2.1 Þátttökuvettvangur.....	10
2.2 Úttekt á þátttöku barna.....	10
2.3 Barnvæn samráðsgátt	11
2.4 Úrvinnsla á niðurstöðum barnaþings	12
2.5 Fræðsla um réttindi barna.....	12
2.6 Fræðsluefni um innleiðingu barnasáttmálans	13
2.7 Greining á menntun fagaðila	14
2.8 Menntun og starfsþróun fagfólks sem vinnur með og/eða fyrir börn	14
2.9 Réttindaskólar.....	15
2.10 Dagur mannréttinda barna.....	16
2.11 Barnvænt aðgengi að stjórnvöldum	17
2.12 Réttindagæsla hjá embætti umboðsmanns barna.....	17
2.13 Mótun barnvæns hagsmunamats	18
2.14 Mótun heildstæðrar stefnu í málefnum barna og ungmenna á landsvísu.....	19
2.15 Endurskoðun laga og samræming við ákvæði barnasáttmálans.....	20
2.16 Fullgilding þriðju valfrjálsu bókunarinnar við barnasáttmálann	24
2.17 Fullgilding Haag-samningsins um lögsögu, gildandi lög, viðurkenningu, fullnustu og samstarf varðandi foreldraábyrgð og ráðstafanir til verndar börnum.....	24
2.18 Samræmingaraðili	25
2.19 Eftirfylgni með lokaathugasemdum barnaréttarnefndarinnar	25
2.20 Barnvæn sveitarfélög.....	26
2.21 Farsældarborð	27

2.22 Greining útgjalda með tilliti til réttinda barna	27
2.23 Áhersla á mannréttindi og velferð barna í alþjóðlegu samstarfi	28
2.24 Áhersla á börn í þróunarsamvinnu Íslands	30
2.25 Árleg skýrsla ráðherra um innleiðingu barnasáttmálans	34
2.26 Regluleg könnun á innleiðingu hjá ráðuneytum, stofnunum og sveitarfélögum	34
2.27 Könnun meðal barna á innleiðingu barnasáttmálans	35

Útdráttur

Stefna um barnvænt Ísland - framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna var samþykkt sem þingsályktunartillaga á Alþingi sumarið 2021. Megintilgangur hennar var að innleiða samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, (hér eftir barnasáttmálinn) þannig að mannréttindi barna yrðu eflað og innleidd með markvissum hætti.

Þingsályktunartillagan innihélt stefnu og aðgerðaráætlun sem snérist að 27 aðgerðum í 11 flokkum. Flokkarnir eru eftirfarandi: Þátttaka barna, fræðsla um þátttöku og réttindi barna, barnvæn stjórnsýsla, hagsmunamat út frá réttindum barna, heildstæð stefna í málefnum barna, lagabreytingar og alþjóðlegar skuldbindingar um réttindi barna, samræmd innleiðing á réttindum barna, markviss öflun gagna um farsæld og réttindi barna á Íslandi, greining útgjalda hins opinbera til að tryggja réttindi barna og farsæld, áhersla á réttindi barna í alþjóðlegu samstarfi og eftirfylgni og endurmat.

Á stefnutímabilinu var ráðist í aðgerðir þvert á ráðuneyti í samstarfi við fjölmarga aðila sem búa yfir viðamikilli reynslu og þekkingu á málaflokknum, svo sem Barnaheill, umboðsmann barna, UNICEF á Íslandi og fleiri. Alls er nú 85% aðgerðanna lokið eða komið í farveg, (sjá töflu á bls. 7) Staðan miðast við maí 2025.

Mikilvægur hluti af innleiðingu barnasáttmálans er að mat sé lagt á áhrif á börn við alla ákvarðanatöku líkt og felst í 3. gr. barnasáttmálans. Markmið með slíku mati er að stjórnvöld hugi markvisst að því hvaða áhrif ákvarðanir þeirra hafi á börn og réttindi þeirra. Stórt skref í innleiðingu barnasáttmálans var stigið þegar leiðarvísir um mat á áhrifum á börn var birtur á heimasíðu Stjórnarráðsins ásamt sniðmáti til að einfalda framkvæmd matsins. Leiðarvísirinn var unninn í samvinnu við umboðsmann barna og lögð var áhersla á að hafa hann aðgengilegan og einfaldan í notkun. Unnið er að nánari innleiðingu og notkun matsins innan Stjórnarráðsins.

Allnokkrir lagabálkar voru endurskoðaðir á gildistíma stefnunnar þar sem gætt var að samræmingu við ákvæði barnasáttmálans og sérstök áhersla lögð á snemmtækan stuðning, þátttöku barna og það sem er barni fyrir bestu, sbr. 3. og 12. gr. barnasáttmálans. Sem dæmi má nefna endurskoðun laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla þar sem gerðar voru ýmsar breytingar sem höfðu það að markmiði að tryggja aukna aðkomu barna og ungmennta að stefnumótun í samræmi við ákvæði barnasáttmálans og tilmæli barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna til íslenskra stjórnvalda þar að lútandi. Þá ætti notkun mats á áhrifum á börn að stuðla að áframhaldandi innleiðingu barnasáttmálans í lagaumhverfið hér á landi.

Þá ber að nefna góðan árangur á öðrum sviðum sem stefnan tók til, til dæmis verkefnið Barnvæn sveitarfélög og Réttindaskóli og -frístund undir stjórn UNICEF, aukið fræðsluefni um innleiðingu barnasáttmálans sem umboðsmaður barna vann og samráðsvettvangur fulltrúa ráðherra í þágu farsældar barna sem var lögfestur í lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021. Þá var tekið í notkun mælaborð með reglulega uppfærðum og aðgengilegum tölfræðigögnum um farsæld barna, auk þess sem góður

árangur náðist í alþjóðlegu samstarfi þar sem Ísland hefur markvisst beitt sér fyrir mannréttindum barna á alþjóðlegum vettvangi á gildistíma stefnunnar.

Þegar farið var að vinna markvisst að ákveðnum aðgerðum kom í ljós að erfitt var að mæla árangur þannig að merkja mætti aðgerðina með „lokið“, þar sem innleiðing barnasáttmálans er viðvarandi verkefni og þörf á áframhaldandi vinnu við ýmsar aðgerðir. Þá er ljóst að innleiðing réttinda barna samkvæmt barnasáttmálanum mun áfram vera viðvarandi verkefni stjórnvalda og mikilvægt er að það endurspeglist í framkvæmd með reglulegu endurmati á verklagi, stefnum, lögum og reglugerðum með réttindi barna að leiðarljósi. Það þarf því að hlúa að áframhaldandi innleiðingu barnasáttmálans og hafa í því sambandi til hliðsjónar athugasemdir barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna til íslenskra stjórnvalda.

Samantekt og staða aðgerða á tímabili stefnu um barnvænt Ísland - framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

<i>Þátttökuvettvangur (Aðgerð 1.1.)</i>	Í farvegi
<i>Úttekt á þátttöku barna (Aðgerð 1.2.)</i>	Lokið
<i>Barnvæn samráðsgátt (Aðgerð 1.3.)</i>	Í farvegi
<i>Úrvinnsla á niðurstöðum barnaþings (Aðgerð 1.4.)</i>	Lokið
<i>Fræðsla um réttindi barna (Aðgerð 2.1.)</i>	Í farvegi
<i>Fræðslufni um innleiðingu barnasáttmálans (Aðgerð 2.2.)</i>	Lokið
<i>Greining á menntun fagaðila (Aðgerð 2.3.)</i>	Ekki hafið
<i>Menntun og starfsþróun fagfólks sem vinnur með og/eða fyrir börn (Aðgerð 2.4.)</i>	Ekki hafið
<i>Réttindaskólar (Aðgerð 2.5.)</i>	Í farvegi
<i>Dagur mannréttinda barna (Aðgerð 2.6.)</i>	Lokið
<i>Barnvænt aðgengi að stjórnvöldum (Aðgerð 3.1.)</i>	Ekki hafið
<i>Réttindagæsla hjá embætti umboðsmanns barna (Aðgerð 3.2.)</i>	Lokið
<i>Mótun barnvæns hagsmunamats (Aðgerð 4.1.)</i>	Í farvegi
<i>Mótun heildstæðrar stefnu í málefnum barna og ungmenna á landsvísu (Aðgerð 5.1.)</i>	Í farvegi
<i>Endurskoðun laga og samræming við ákvæði barnasáttmálans (Aðgerð 6.1.)</i>	Í farvegi
<i>Fullgilding þriðju valfrjálsu bókunarinnar við barnasáttmálann (Aðgerð 6.2.)</i>	Ekki hafið
<i>Fullgilding Haag-samningsins um lögsögu, gildandi lög, viðurkenningu, fullnustu og samstarf varðandi foreldraábyrgð og ráðstafanir til verndar börnum (Aðgerð 6.3.)</i>	Í farvegi
<i>Samræmingaraðili (Aðgerð 7.1.)</i>	Lokið
<i>Eftirfylgni með lokaathugasemdum barnaréttarnefndarinnar (Aðgerð 7.2.)</i>	Lokið
<i>Barnvæn sveitarfélög (Aðgerð 7.3.)</i>	Í farvegi
<i>Farsældarborð (Aðgerð 8.1.)</i>	Lokið
<i>Greining útgjalda með tilliti til réttinda barna (Aðgerð 9.1.)</i>	Í farvegi
<i>Áhersla á mannréttindi og velferð barna í alþjóðlegu samstarfi (Aðgerð 10.1.)</i>	Í farvegi
<i>Áhersla á börn í þróunarsamvinnu Íslands (Aðgerð 10.2.)</i>	Lokið
<i>Árleg skýrsla ráðherra um innleiðingu barnasáttmálans (Aðgerð 11.1.)</i>	Lokið
<i>Regluleg könnun á innleiðingu hjá ráðuneytum, stofnunum og sveitarfélögum (Aðgerð 11.2.)</i>	Lokið
<i>Könnun meðal barna á innleiðingu barnasáttmálans (Aðgerð 11.3.)</i>	Í farvegi

1. Inngangur

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (barnasáttmálinn) felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að börn séu fullgildir einstaklingar með sjálfstæð réttindi, óháð réttindum fullorðinna. Með aðild að sáttmálanum skuldbinda ríki sig til þess að stuðla að bættum réttindum fyrir börn í samræmi við ákvæði hans en sáttmálinn kveður á um borgaraleg, stjórnmálaleg, efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi barna. Hér á landi var barnasáttmálinn lögfestur með lögum um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 19/2013, og er afar þýðingarmikill fyrir vernd réttinda barna.

Þann 10. júní 2021 var samþykkt á Alþingi þingsályktunartillaga um barnvænt Ísland - framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna fyrir árin 2021–2024 frá félags- og barnamálaráðherra. Um var að ræða fyrstu heildstæðu innleiðingaráætlunina fyrir barnasáttmálann hjá stjórnvöldum á Íslandi.

Aðdragandi stefnunnar var sá að þann 7. september 2018 rituðu ráðherrar félags- og jafnréttismála, heilbrigðismála, mennta- og menningarmála, dómsmála, samgöngu- og sveitarstjórnarmála og Samband íslenskra sveitarfélaga undir viljayfirlýsingu um að afnema hindranir milli kerfa, bæta þjónustu í þágu barna og skapa barnvænt samfélag. Þar lýstu framangreindir aðilar yfir vilja til að auka samstarf milli málefna sviða sem undir þá heyrja og varða réttindi og farsæld barna. Í kjölfarið tók til starfa þverpólitísk þingmannanefnd um málefni barna, þar sem áttu sæti fulltrúar allra flokka á Alþingi og stýrihópur Stjórnarráðsins í málefnum barna, sem samanstóð af fulltrúum þeirra ráðuneyta sem undirrituðu viljayfirlýsinguna auk fulltrúa forsætisráðherra og áheyrnarfulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Umfangsmikil vinna fór af stað í kjölfarið innan Stjórnarráðsins með það að markmiði að tryggja snemmtækan stuðning, aukna samþættingu í þjónustu og samstarf við stefnumótun ríkis og sveitarfélaga um réttindi og farsæld barna.

Þann 28. febrúar 2019 samþykkti þáverandi ríkisstjórn tillögu félags- og barnamálaráðherra þess efnis að stefna ætti að aukinni þátttöku barna og ungmenna í stefnumótun stjórnvalda, sem og tillögu um að allar stærri ákvarðanir og lagafrumvörp skyldu rýndar út frá réttindum barna. Með samþykktinni fylgdi skýr vilji til að innleiða réttindi barna með markvissum hætti og þingsályktunartillagan var unnin í kjölfarið, í víðtæku samráði stýrihóps Stjórnarráðsins um málefni barna, embættis umboðsmanns barna og annarra hagsmunaaðila.

Drög að þingsályktunartillögunni voru birt í samráðsgátt stjórnvalda sumarið 2020 (mál nr. S-109/2020) og embætti umboðsmanns barna var falin umsjón með framkvæmd samráðs við börn um drög að barnvænu Íslandi. Tillögurnar sem komu fram í þingsályktunartillögunni voru unnar með hliðsjón af athugasemdum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna um innleiðingu barnasáttmálans til íslenskra stjórnvalda, almennum athugasemdum nefndarinnar um innleiðingu sáttmálans og umfangsmiklu samráði af ýmsum toga.

Mikil áhersla var lögð á þátttöku barna, fræðslu um barnasáttmálann og hagsmunamat út frá réttindum barna. Þetta endurspeglast í fjölbreyttum aðgerðum, svo sem aðgerð 1.3. um barnvæna samráðsgátt, aðgerð 1.4. um úrvinnslu á niðurstöðum barnþings, aðgerð 2.2. um fræðsluefni um innleiðingu barnasáttmálans, aðgerð 2.5. um réttindaskóla og aðgerð 4.1. um mótun barnvæns hagsmunamats.

Ýmsar áskoranir komu upp á gildistíma stefnunnar sem settu óhjákvæmilega mark sitt á framgang verkefna hennar og ollu töfum, líkt og covid-faraldurinn, breytt skipting málaflokka milli ráðuneyta og náttúruhamfarir í Grindavík.

Á gildistíma stefnunnar var auk þess unnið að innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021, sem tóku gildi 1. janúar 2022 en við undirbúning frumvarpsins sem varð að lögum var sérstaklega litið til þess að vinna á virkan hátt að því að ákvæði barnasáttmálans kæmu til framkvæmda. Leitast var við að gæta að því jafnvægi sem leiðir af barnasáttmálanum og þarf að ríkja annars vegar á milli réttinda barna og foreldra þeirra eða fjölskyldu og hins vegar á milli ábyrgðar foreldra og skyldu hins opinbera til að grípa til aðgerða þegar þörf krefur.

Þá er ljóst að innleiðing barnasáttmálans verður viðvarandi verkefni stjórnvalda og mikilvægt er að það endurspeglist í framkvæmd með endurmati á verklagi, lögum og reglugerðum þannig að réttindi barna verði raungerð.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins frá desember 2024 er meðal annars lögð áhersla á jöfnuð og snemmtækan stuðning í málefnum barna. Vinna er hafin við gerð stefnu og aðgerðaráætlunar um farsæld barna hjá mennta- og barnamálaráðuneytinu og verða þar lagðar til aðgerðir sem tryggja áframhaldandi innleiðingu barnasáttmálans á Íslandi.

2. Barnvænt Ísland - Staða aðgerða

2.1 Þátttökuvettvangur

Markmið:

Að efla og styrkja samskipti barna og stjórnvalda.

Aðgerð:

Stofnaður verði rafrænn vettvangur þar sem börn geti tekið þátt í virku samráði við stjórnvöld. Ungmennaráðum/ráðgjafahópum, ungmenntasamtökum og börnum yngri en 18 ára verði gert kleift að skrá sig til þátttöku. Í gegnum vettvanginn verði meðal annars hægt að sækja stafræna fræðslu um réttindi barna, samfélagsleg málefni, álitamál tengd börnum, taka þátt í spurningakönnunum og tengjast barnvænni samráðsgátt. Auk þess geti börn komið áherslum sínum á framfæri við stjórnvöld.

Opinberum aðilum verði skylt að eiga samráð og tryggja þátttöku barna við að semja lagafrumvörp, við stefnumótun, hagsmunamat og aðrar meiri háttar ákvarðanir er varða málefni barna. Vettvangurinn auðveldi þannig þátttöku barna og aðgengi stjórnvalda að samráði við börn.

Fyrirkomulag þátttökuvettvangsins verði unnið í víðtæku samráði við börn, umboðsmann barna, ungmennaráð og frjáls félagasamtök sem vinna að málefnum barna. Sérstök áhersla verði lögð á að ná til viðkvæmra hópa barna og stuðla að þátttöku þeirra, meðal annars með því að tryggja efni á fleiri tungumálum en íslensku og táknmáli, aðgang að talgervli og samráð við t.d. fötluð börn og börn af erlendum uppruna.

Staða: Í farvegi

- Umboðsmaður barna hafði rafrænt samráð við 785 börn um mögulegar útfærslur á vettvanginum og skilaði niðurstöðum til mennta- og barnamálaráðuneytisins í nóvember 2020.
- Landsamband ungmennaráða vann þarfagreiningu fyrir þátttökuvettvang og skilaði niðurstöðum greiningarinnar til mennta- og barnamálaráðuneytisins í júlí 2023.
- Útfærsla og framkvæmd á þátttökuvettvanginum var ekki lokið á gildistíma stefnunnar. Aðgerðin er nátengd aðgerð 1.3. um barnvæna samráðsgátt.

2.2 Úttekt á þátttöku barna

Markmið:

Að fá yfirsýn yfir þátttöku barna hjá ríki og sveitarfélögum.

Aðgerð:

Staða þátttöku barna á Íslandi verði metin út frá CPAT (Child Participation Assessment Tool) aðferðafræðinni sem var þróuð af Evrópuráðinu. Úttektin felist meðal annars í því að skoða íslenska löggjöf og framkvæmd varðandi þátttöku barna. Úttektin verði unnin í samstarfi við Evrópuráðið og þátttaka barna í sjálfri úttektinni verði umfangsmikil.

Staða: Lokið

- Víðtækt samráð var haft við börn á aldrinum 4–17 ára á öllu landinu, þar sem sérfræðingur mennta- og barnamálaráðuneytisins í þátttöku barna heimsótti leik- og grunnskóla þar sem rætt var við börn um tækifæri þeirra til þátttöku og áhrifa í nærumhverfi sínu. Einnig var haft samráð við sérstaka hópa barna í þeim tilgangi að ná fram fjölbreyttri þátttöku. Þar á meðal voru langveik börn, hinsegin börn, fötluð börn og börn sem höfðu reynslu af aðkomu barnaverndarþjónustu. Einnig var haft samráð við fagaðila sem vinna með og fyrir börn líkt og kennara, umsjónaraðila Barnvænna sveitarfélaga og starfsmenn barnaverndarþjónustna.
- Skipaður var sérfræðihópur í tengslum við verkefnið en í honum sátu aðilar frá stýrihópi Stjórnarráðsins um málefni barna, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, UNICEF, mannréttindastofu Íslands, Háskóla Íslands, SAMFÉS, Þroskahjálp, Barnaheillum, Heimili og skóla, umboðsmanni barna, ADHD samtökunum og Landssambandi ungmennafélaga.
- Aðgerðinni lauk í ágúst 2023 með skýrslu mennta- og barnamálaráðuneytisins til Evrópuráðsins með niðurstöðum úr verkefninu „Child Participation for Europe“ þar sem þátttaka barna á Íslandi var metin í samræmi við CPAT mælikvarða Evrópuráðsins. Niðurstöður skýrslunnar voru kynntar á lokaráðstefnu Evrópuráðsins um CP4E í Strassborg í júní 2023, af börnum sem höfðu tekið þátt í að leiða verkefnið.

2.3 Barnvæn samráðsgátt

Markmið:

Að auka aðgengi barna að samráðsgátt stjórnvalda.

Aðgerð:

Samráðsgátt stjórnvalda verði gerð aðgengilegri fyrir börn og möguleiki þeirra á þátttöku aukinn. Börn geti skilað inn umsögnum líkt og aðrir og tryggt verði að efnið sé sett fram með einfaldari og aðgengilegri hætti fyrir börn. Sett verði viðmið um hvaða mál eigi að fara inn á barnvæna samráðsgátt, hvernig börn geti komið á framfæri athugasemdum og hvort gera eigi kröfu um rafræna auðkenningu líkt og gert er í samráðsgátt stjórnvalda. Aðgerðin verði unnin í samráði við börn, embætti umboðsmanns barna, frjáls félagasamtök, ritstjórn samráðsgáttar og Stafrænt Ísland.

Staða: Í farvegi

- Ungmennaráðum sveitarfélaga og hagsmunasamtaka var boðið að funda með mennta- og barnamálaráðuneytinu um barnvæna samráðsgátt á haustmánuðum 2024. Sjö ráð sem innihéldu rúmlega 100 ungmenni samanlagt funduðu með

ráðuneytinu og ræddu þar hvaða málefni þau teldu að ungmenni vildu geta haft áhrif á og hvernig málefnið skyldu sett fram. Rætt var um að hverju þyrfti að huga að til þess að upplýsingarnar væru öllum skiljanlegar og skýrar og hvernig líklegast væri að öll börn hefðu jöfn tækifæri til að taka þátt. Á fundunum komu fram uppbyggilegar athugasemdir sem m.a. voru nýttar sem grunnur að þarfagreiningu og verkefnalýsingu.

- Stafrænt Ísland vinnur nú að fyrstu greiningu og stefnt er á áframhaldandi framvindu verkefnisins í samvinnu við mennta- og barnamálaráðuneytið.

2.4 Úrvinnsla á niðurstöðum barnaþings

Markmið:

Að niðurstöður barnaþings verði nýttar markvisst.

Aðgerð:

Niðurstöður barnaþings verði nýttar markvisst við opinbera stefnumótun hjá stjórnvöldum og eftirfylgni með niðurstöðunum innan Stjórnarráðsins tryggð.

Staða: Lokið

- Formlegt verklag um nýtingu niðurstaðna barnaþings var unnið í mennta- og barnamálaráðuneytinu, í samvinnu við umboðsmann barna, og kynnt fyrir stýrihópi Stjórnarráðsins í málefnum barna árið 2024.
- Verklaginu er ætlað að styðja við markvissa nýtingu niðurstaðna barnaþings og felur m.a. í sér að umboðsmaður barna kynni niðurstöður barnaþings fyrir stýrihópi Stjórnarráðsins í málefnum barna. Fulltrúar ráðuneyta í stýrihópnum eru ábyrgir fyrir því hvernig niðurstöðurnar eru nýttar innan ráðuneytanna, ásamt því að veita umboðsmanni barna upplýsingar um hvernig eftirfylgninni er háttað.
- Stýrihópur Stjórnarráðsins í málefnum barna skilar umboðsmanni barna lokastöðumati tveimur mánuðum fyrir næsta barnaþing sem verður hluti af skýrslu barnaþings sem umboðsmaður barna leggur fram í upphafi hvers þings samkvæmt lögum um umboðsmann barna nr. 83/1994, sbr. 2. mgr. 6. gr. a.

2.5 Fræðsla um réttindi barna

Markmið:

Að tryggja markvissa fræðslu um barnasáttmálann.

Aðgerð:

Fræðsluáætlun til fimm ára verði sett fram. Áætlunin verði unnin í ríku samstarfi við börn, umboðsmann barna, Menntamálastofnun, frjáls félagasamtök og sérfræðinga í málefnum barna um fræðslu og þróun fræðsluefnis með það að markmiði að tryggja reglulega fræðslu og útgáfu fræðsluefnis sem sniðið er að ólíkum aldri og þörfum barna. Stutt verði markvisst við þróun og uppfærslu vefsins barnasattmali.is, samstarfsverkefni umboðsmanns barna, Menntamálastofnunar, Barnaheilla og UNICEF á Íslandi.

Staða: Í farvegi

- UNICEF-Akademían var styrkt með fjárframlagi frá mennta- og barnamálaráðuneytinu í gegnum verkefnin Barnvæn sveitarfélög og Réttindaskóli og -frístund. Námskeiðin í Akademíunni eru öllum opin og þar má nálgast rafræna fræðslu og þjálfun um réttindi barna. Í lok árs 2024 höfðu 2.300 manns lokið barnaréttindanámskeiði á UNICEF-Akademíunni.
- Mennta- og barnamálaráðuneytið styrkir einnig verkefnin Barnvæn sveitarfélög og Réttindaskóli og -frístund, sbr. aðgerðir 2.5. og 7.3. þar sem markviss fræðsla um barnasáttmálann fer fram innan þeirra skóla, frístunda og sveitarfélaga sem taka þátt í verkefninu. Reglubundnar mælingar á árangri verkefnanna sýna að þekking á barnasáttmálanum hefur aukist innan þeirra stofnana sem taka þátt.
- Hæfnifræðslurammi Evrópuráðsins, sem fjallar um lýðræði í skólastarfi, var þýddur yfir á íslensku af mennta- og barnamálaráðuneytinu og áætlað er að hefja innleiðingu á honum í skólum árið 2025.
- Fræðsluáætlun til fimm ára var ekki gefin út en stutt var markvisst við fræðslu um barnasáttmálann á gildistíma stefunnar.
- Stutt var við þróun og uppfærslu vefsins www.barnasattmali.is þar sem finna má fræðsluefni sem aðlagð var mismunandi þörfum barna með því að hafa það aðgengilegt á táknmáli, ensku, pólsku og íslensku ásamt því að vera með aldursskipt réttindatengd verkefni.

2.6 Fræðsluefni um innleiðingu barnasáttmálans**Markmið:**

Að tryggja nægt aðgengi að fræðslu og upplýsingum um innleiðingu barnasáttmálans.

Aðgerð:

Unnið verði fræðsluefni um innleiðingu og beitingu barnasáttmálans fyrir börn, forsjáraðila, fagstéttir, opinbera starfsmenn og aðra þá sem vinna með börnum og fyrir börn. Fræðsluefnið verði aðgengilegt öllum og unnið af embætti umboðsmanns barna.

Staða: Lokið

- Umboðsmaður barna fylgist með þróun og túlkun barnasáttmálans og leggur áherslu á að kynna sáttmálann fyrir fullorðnum og börnum með fjölbreyttum leiðum. Embættið nýtir jafnframt samfélagsmiðlana Facebook og Instagram til að koma á framfæri upplýsingum um ákvæði barnasáttmálans og innleiðingu hans. Umboðsmaður barna heldur einnig árlega kynningar fyrir fjölmarga nemendur, fagfólk og fólk innan sveitarfélaga og stjórnsýslu.
- Umboðsmaður barna hefur útbúið fræðsluefni sem er öllum aðgengilegt á heimasíðu umboðsmanns barna (www.barn.is) um réttindi barna samkvæmt barnasáttmálanum og innleiðingu sáttmálans. Má þar nefna:
 - Bið barna eftir þjónustu.
 - Leiðbeiningar um mat á því sem er barni fyrir bestu.
 - Leiðbeiningar um netið og samfélagsmiðla.
 - Svör við spurningum barna um réttindi sín.

- Í febrúar 2022 efndi mennta- og barnamálaráðuneytið til samstarfs við KrakkaRÚV í tilefni þess að 10 ár voru liðin frá lögfestingu barnasáttmálans. Framleitt var myndband um barnasáttmálann í þeim tilgangi að fræða börn um innihald hans, innleiðingu og beitingu. Myndbandið fór í birtingu á KrakkaRÚV og má nálgast það á heimasíðu Stjórnarráðsins.¹

2.7 Greining á menntun fagaðila

Markmið:

Að greining fari fram á menntun fagaðila sem vinna með og fyrir börn, taka ákvarðanir varðandi börn eða koma að málefnum barna.

Aðgerð:

Þverfagleg og víðtæk greining verði unnin á menntun fagstétta sem vinna með og/eða koma að málefnum barna, með tilliti til þekkingar á barnasáttmálanum og skyldum opinberra aðila hvað varðar réttindi barna. Greiningin verði unnin í samstarfi við háskóla- og fræðasamfélagið, embætti umboðsmanns barna, fagaðila, félagasamtök og fleiri.

Staða: Ekki hafið

- Á gildistíma stefnunnar var farið yfir áfangalýsingar í háskólanámi á Íslandi sem tengist málefnum barna og að hve miklu leyti réttindi barna voru kennd samkvæmt þeim.
- Ekki var hafin víðtæk greining á menntun fagstétta í samstarfi ólíkra aðila líkt og aðgerðin kveður á um á gildistíma stefnunnar.

2.8 Menntun og starfsþróun fagfólks sem vinnur með og/eða fyrir börn

Markmið:

Að efla færni og þekkingu fagfólks sem vinnur með og/eða fyrir börn.

Aðgerð:

Sett verði fram fræðsluáætlun til þriggja ára í þeim tilgangi að efla þekkingu starfsmanna og fagaðila á barnasáttmálanum og þeim réttindum sem ber að tryggja börnum samkvæmt honum. Með því megi efla menntun og starfsþróun fjölbreyttra starfsstétta sem vinna með börnum á einn eða annan hátt. Fræðsluáætlun taki mið af greiningu á menntun og verði meðal annars unnin í samstarfi við stýrihóp Stjórnarráðsins í málefnum barna, börn, embætti umboðsmanns barna, háskólasamfélagið og fagstéttir.

¹ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2023/02/20/Tiu-ara-afmaeli-logfestingar-Barnasattmalans-a-Islandi/>

Staða: Ekki hafið

- Aðgerðin tengist víðtækri greiningu í aðgerð 2.3. um greiningu á menntun fagaðila og áætlað var að farið yrði í aðgerðina eftir að greining lægi fyrir.

2.9 Réttindaskólar

Markmið:

Að stutt verði við markvissa innleiðingu barnasáttmálans í skóla- og frístundastarf.

Aðgerð:

Skólar, æskulýðs- og íþróttastarf fái fræðslu um barnasáttmálann. Stutt verði við innleiðingu verkefnisins Réttindaskólar UNICEF. Forsendur barnasáttmálans verði lagðar til grundvallar við allar ákvarðanir þeirra stofnana sem taka þátt í verkefninu, auk þess sem þær endurspeglar í samskiptum barna, ungmenna, kennara, frístundaráðgjafa, annarra starfsmanna og foreldra. Skoðaðar verði leiðir til að nýta þessa vinnu með fjölbreyttari hætti fyrir íþróttir, tómstundir og annað starf með börnum.

Staða: Í farvegi

- Í lok árs 2024 unnu 120 leik- og grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar að réttindum barna í samstarfi við UNICEF á Íslandi á landsvísu í gegnum verkefnið Réttindaskóli og -frístund. Þar af hafa 56 fengið formlega viðurkenningu Réttindaskóla og -frístundar.
- Fjöldi barna í leik- og grunnskólum sem taka þátt í innleiðingu verkefnisins var 17.200 í lok árs 2024.
- Réttindafrístundastarf og réttindaleikskólar eru frumkvöðlastarf á heimsvísu og leikskólar í Kópavogi, sem fengu viðurkenningu sem réttindaleikskólar árið 2023, voru þeir fyrstu í heiminum til að hljóta slíka viðurkenningu.
- Unnið var að aðlögun réttindaskólaverkefnisins fyrir leikskólastigið í samstarfi við Háskóla Íslands, Reykjavíkurborg og Kópavogsbæ. 25 leikskólar tóku þátt í þróun leiðbeininga og aðferða sem henta yngri börnum.
- Stjórnendum og umsjónarmönnum Réttindaskóla og -frístundar býðst að sækja árlega vinnustofu UNICEF um innleiðingu barnasáttmálans. Á árunum 2022–2024 voru haldnar í kringum 30 vinnustofur fyrir um 1.000 þátttakendur.
- Stýrihópur um verkefnið Barnvæn sveitarfélög og Réttindaskóli- og frístund var stofnaður af mennta- og barnamálaráðuneytinu sem var fyrst og fremst ætlað að vera til stuðnings við framgang verkefnanna. Skipunartími hópsins var til samræmis við stefnu þessa.
- UNICEF hefur gefið út fræðsluefni í tengslum við verkefnið sem finna má á heimasíðu UNICEF (www.unicef.is) og er eftirfarandi:
 - Handbók fyrir Réttindaskóla og -frístund sem var gefin út haustið 2022.
 - Leiðbeiningar um þátttöku barna í Réttindaskóla og -frístund sem voru gefnar út sumarið 2022.

- Rafrænn fræðsluvettvangur, UNICEF-Akademían, var tekinn í notkun árið 2022, í samstarfi við fyrirtækið Akademías. Markmið UNICEF-Akademíunnar er að tryggja fræðslu fyrir starfsfólk í Barnvænum sveitarfélögum og Réttindaskólum og -frístund. Þar er líka hagnýtt efni fyrir umsjónarmenn, stjórnendur, stýrihópa og réttindaráð. Réttindaskólar og -frístund nýta Akademíuna til þess að fræða bæði starfsfólk og réttindaráð. Þar er að finna barnaréttindafræðslu og fræðslu sem tengist innleiðingu verkefnanna.
- Ný handbók og verkefnabanki fyrir frístundaheimili voru gefin út haustið 2023 í samstarfi við Lilju Mörtu Jökulsdóttur frístundaleiðbeinanda og Reykjavíkurborg.
- Endurskoðuð handbók fyrir réttindaráð í skólum var gefin út árið 2024.
- Í ágúst 2024 var gefin út handbók fyrir leikskólastigið sem var löguð sérstaklega að þörfum ungra barna, í samstarfi við leikskóla í Reykjavík, Kópavogi, Akureyri, skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands.
- Árið 2024 kom út hefti með fyrirmyndarverkefnum í Réttindaskólum og -frístund.
- Rafræn námskeið fyrir UNICEF-Akademíuna í tengslum við verkefnið voru tekin upp og eru aðgengileg á heimasíðu UNICEF. Námskeiðin fjalla m.a. um barnasáttmálann, réttindamiðaða þátttöku barna, réttindafræðslu, vernd barna og innleiðingu barnasáttmálans.
- Verkfærakista (e. Toolkit) fyrir ungt fólk til áhrifa þar sem finna má verkfæri fyrir nemendur sem vilja tala fyrir réttindum. Kistan er ætluð fyrir efsta stig grunnskóla, framhaldsskólaaldur og félagsmiðstöðvar.

2.10 Dagur mannréttinda barna

Markmið:

Að efla vitundarvakningu á degi mannréttinda barna.

Aðgerð:

Unnið verði að því að gera 20. nóvember hærra undir höfði og nýta hann enn frekar við fræðslu og vitundarvakningu um réttindi barna. Samstarf við börn, Barnaheill, önnur frjáls félagasamtök og embætti umboðsmanns barna um framkvæmd dagsins verði eft.

Staða: Lokið

- Barnaheill, í samstarfi við mennta- og barnamálaráðuneytið, sendu ár hvert öllum grunnskólum landsins upplýsingar og verkefni sem varða réttindi barna í tilefni dags mannréttinda barna og hafa einnig haldið utan um upplýsingagjöf sem tengist deginum hverju sinni.
- Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur veitt árlegt fjárframlag til verkefnisins meðan á gildistíma stefnunnar stóð.

- Árið 2022 stóð mennta- og barnamálaráðuneytið fyrir málþingi til vitundarvakningar um 20. nóvember þar sem fjallað var um lokaathugasemdir barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna til íslenskra stjórnvalda.
- Árið 2023 efldu Barnaheill til samstarfs við leik- og grunnskóla landsins í tengslum við dag umburðarlyndis 6.-8. nóvember en verkefnið var samtvinnnað við dag mannréttinda barna.
- Árið 2024 bjuggu Barnaheill til myndband um börn á flóttu þar sem rætt var við börn frá Grindavík, Úkraínu og Palestínu og vakin athygli á því áfalli sem það er að missa heimili sitt og mikilvægi þess að hlúa vel að þessum hópi barna og réttindum þeirra. Myndbandið var sent á alla grunn- og framhaldsskóla landsins ásamt verkefni sem var ætlað að fá börnin til að íhuga stöðu og réttindi þessara barna og setja sig í spor þeirra.

2.11 Barnvænt aðgengi að stjórnvöldum

Markmið:

Að aðkoma barna og fyrirvar þeirra verði skýrð og aðgengi þeirra að upplýsingum, réttindum og úrræðum bætt.

Aðgerð:

Stjórnvöld, hvort sem er ráðuneyti, stofnanir, úrskurðaraðilar eða sveitarfélög, tryggi barnvænt aðgengi að upplýsingum um réttindi og leiðir til að knýja á um þau. Aðkoma barna að málum og fyrirvar fyrir þau verði skýrt, viðmið samræmd og leiðbeiningar settar fram um málsmeðferð í málum er varða börn. Leiðbeiningar og viðmið verði unnin í samstarfi við embætti umboðsmanns barna.

Staða: Ekki hafið

2.12 Réttindagæsla hjá embætti umboðsmanns barna

Markmið:

Að börn og/eða foreldrar þeirra geti leitað stuðnings og ráðgjafar hjá aðila sem aðstoði þau við að leita réttar barns hjá stjórnvöldum, telji þau brotið gegn réttindum þess.

Aðgerð:

Embætti umboðsmanns barna verði tryggt fjármagn til að ráða starfsmann til að sinna réttindagæslu til tveggja ára í tilraunaskyni. Starfsmaðurinn hafi reynslu og/eða menntun í því að vinna með börnum og eiga samtöl við börn. Hlutverk embættisins í að taka á móti erindum frá börnum, veita þeim stuðning, ráðgjöf og aðstoð við að leita réttar síns gagnvart stjórnvöldum verði þannig eftl. Úrræðið verði jafnframt sérstaklega kynnt börnum svo þau séu upplýst um þennan rétt sinn.

Staða: Lokið

- Réttindagæsla barna hjá embætti umboðsmanni barna var tilraunaverkefni til tveggja ára og lauk því í lok desember 2023.
- Mennta- og barnamálaráðuneyti veitti fjármagn til verkefnisins til umboðsmanns barna sem sá um umsjón og útfærslu á réttindagæslunni.
- Vinnsla mála sem komu inn til umboðsmanns barna í gegnum réttindagæsluna var umfangsmeiri en vinnsla almennra erinda sem embættinu berast og tók þar af leiðandi lengri tíma. Af þeirri ástæðu var ekki hægt að halda verkefninu áfram án þess stöðugildis sem hægt var að halda úti með því aukna fjármagni sem fylgdi verkefninu í upphafi.
- Meðferð mála sem réttindagæslan tók til skoðunar byggði á heimildum umboðsmanns barna, samkvæmt lögum nr. 83/1994 um umboðsmann barna. Þeir sem óskuðu eftir aðkomu réttindagæslunnar fylltu út eyðublað sem var aðgengilegt á vefsíðu embættisins. Ef beiðni um aðkomu réttindagæslunnar varðaði ákvörðun sem hægt var að skjóta til æðra setts stjórnvalds eða dómstóls, var það mál ekki tekið fyrir hjá réttindagæslunni, til að tryggja skilvirkni og rétta málsmeðferð.
- Þegar beiðni kom um aðkomu réttindagæslu umboðsmanns barna var lagt mat á það hvort og með hvaða hætti væri hægt að veita stuðning og ráðgjöf.
- Markmiðið með aðkomu réttindagæslunnar var að aðstoða við að ná fram réttindum barns í viðkomandi máli. Tilgangurinn var enn fremur að efla hlutverk embættisins í að taka á móti erindum frá börnum, veita þeim stuðning, ráðgjöf og aðstoð við að leita réttar síns hjá stjórnvöldum.
- Í starfi réttindagæslunnar var lögð rík áhersla á að aðkoma hennar að málum einstakra barna væri í þágu þeirra og ætti sér stað með þeirra vitund, samþykki og þátttöku.
- Foreldrar eða aðrir talsmenn barns gátu einnig leitað til réttindagæslunnar fyrir hönd barnsins, en réttindagæslan áskildi sér rétt til að leita með virkum hætti eftir samþykki þess barns sem um var að ræða hverju sinni.
- Í starfi réttindagæslunnar var í nokkuð mörgum tilvikum um að ræða erfiðleika innan grunnskóla. Dæmi voru um að börnum hefði verið vísað úr skóla eða þau horfið frá námi af ólíkum ástæðum og skólinn ekki sinnt menntun þeirra. Mismunandi ástæður lágu þar að baki, og má þar nefna einelti, ásakanir um brot gegn öðrum nemendum og skort á stuðningi innan skóla. Að mati umboðsmanns barna komu í ljós sterkar vísbendingar um að víða sé staða barna með ADHD- og einhverfugreiningu alvarleg innan grunnskóla, þar sem skortur sé á stuðningi og úrræðum.
- Afskipti lögreglu af börnum komu einnig til skoðunar ásamt málum sem tengdust barnaverndarþjónustum.

2.13 Mótun barnvæns hagsmunamats

Markmið:

Að hagsmunamat út frá réttindum barnsins verði innleitt markvisst og verði hluti af

skyldubundnu ferli við undirbúning lagafrumvarpa, stefnumótandi ákvarðana og ákvarðana í málum einstakra barna.

Aðgerð:

Settur verður á fót starfshópur um mótun hagsmunamats sem leggi til leiðbeiningar, viðmið, innleiðingu, fræðsluefni o.fl. um hagsmunamat eftir eðli og umfangi hverju sinni. Þátttaka barna verði lykilþáttur í framkvæmd hagsmunamats og mótun þess unnin í víðtæku samráði.

Staða: Í farvegi

- Mennta- og barnamálaráðuneytið vann og gaf út leiðarvísi og sniðmát fyrir Stjórnarráðið í samvinnu við umboðsmann barna um mat á áhrifum á börn í nóvember 2024.
- Leiðarvísinum er ætlað að vera leiðbeinandi við vinnslu á mati á áhrifum á börn þegar unnið er að gerð frumvarpa, reglugerða, stefnu og annarra stefnumótandi ákvarðana innan Stjórnarráðsins.
- Samningur var gerður við umboðsmann barna um fræðslu og gerð fræðsluefnis um mat á áhrifum á börn
- Mennta- og barnamálaráðuneyti er að vinna að gerð leiðarvísis um samráð við börn sem áætlað er að verði gefinn út árið 2025 og er ætlað að vera til stuðnings við leiðarvísinn um mat á áhrifum á börn, þar sem stór hluti af matinu snýst um samráð við börn.
- Unnið er að frekari innleiðingu á hagsmunamatinu innan Stjórnarráðsins.

2.14 Mótun heildstæðrar stefnu í málefnum barna og ungmenna á landsvísu

Markmið:

Að sett verði fram heildstæð stefna í málefnum barna og ungmenna.

Aðgerð:

Sett verði fram heildstæð stefna í málefnum barna og ungmenna á Íslandi sem taki mið af barnasáttmálanum, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og öðrum alþjóðlegum skuldbindingum og viðmiðum. Stefnan verði unnin í þverfaglegu og víðtæku samráði og þátttaka barna og ungmenna verði tryggð. Litið verði til þess að lög, reglugerðir og stefnumótun endurspegli betur raunveruleika barna og ungmenna út frá þörfum og aldri hvers hóps fyrir sig.

Staða: Í farvegi

- Í mennta- og barnamálaráðuneyti hefur verið unnin vinna í víðtæku samráði við hagaðila á grundvelli laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021. Fyrsti fasi vinnunnar fól í sér stefnumörkun í farsæld barna og nú er til meðferðar hjá Alþingi tillaga til þingsályktunar um stefnu um farsæld barna til ársins 2035.

- Unnið er áfram að framkvæmdaáætlun um farsæld barna í samræmi við 4. gr. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.
- Í samræmi við stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins 2024 stendur til að vinna sérstaka ungmennastefnu sem verður unnin í þverfaglegu og víðtæku samráði og þátttaka barna og ungmenna tryggð.

2.15 Endurskoðun laga og samræming við ákvæði barnasáttmálans

Markmið:

Að tryggja aukið samræmi milli greina barnasáttmálans og íslenskrar löggjafar ásamt því að alþjóðlegar skuldbindingar er varða réttindi barna verði uppfylltar.

Aðgerð:

Til að tryggja markvissa innleiðingu barnasáttmálans verði íslensk lög endurskoðuð til að tryggja samræmi milli barnasáttmálans og löggjafar. Horft verði sérstaklega til þess að tryggja að grundvallarforsendur sáttmálans endurspeglar í allri löggjöf er varðar börn, tryggja þátttöku og samráð við börn, samræma og skýra aðild og fyrirsvar barna í málum sem varða þau og innleiða skyldubundið hagsmunamat.

Staða: Í farvegi

Ýmis löggjöf var rýnd út frá barnasáttmálanum á gildistíma stefnunnar og á það bæði við um eldri löggjöf sem var endurskoðuð og nýrri löggjöf. Þá ber að hafa í huga að búið er að sníða sniðmát fyrir mat á hagsmunum barna og leiðarvísi, sbr. umfjöllun í aðgerð 4.1. og mun aukin notkun barnvæns hagsmunamats við samningu frumvarpa styðja við vandaða löggjöf út frá réttindum barna.

Dómsmálaráðuneyti:

- Lög um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003 með síðari breytingum (skipt búseta barns), nr. 28/2021 voru samþykkt á Alþingi 15. apríl 2021.
 - Við útfærslu frumvarpsins var litið til ákvæða samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Í frumvarpinu er áréttað að foreldrum beri ætíð að taka mið af því sem best henti hag og þörfum barnsins þegar samið er um atriði eins og forsjá, búsetu og umgengni. Þetta er til samræmis við 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 18. gr. samningsins. Nýtt ákvæði er heimilar barni að hafa frumkvæði að því að sýslumaður boði foreldra til samtals styrkir verulega rétt barns til þátttöku í málum sem það varða, sbr. 12. gr. samningsins, og eykur líkur á að barn geti búið við aðstæður sem styðja á uppbyggilegan hátt við líðan þess og þroska, sbr. 6. gr. samningsins. Breytingar á ákvæðum um rétt barns til að tjá sig styrkja enn fremur rétt barns skv. 12. gr. samningsins. Ákvæði um heimild til að semja um skipta búsetu barns tekur mið af meginreglu 18. gr. samningsins um að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á uppeldi barns.

- Gerðar voru breytingar á 32. gr. a barnalaga er varðar staðfestingu sýslumanns á samningi um forsjá, lögheimili og búsetu. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að samkvæmt gildandi lögum geti sýslumaður synjað um staðfestingu samnings ef hann sé andstæður hag og þörfum barns, og beri að gera það sé samningur andstæður lögum. Þá kemur fram að með hliðsjón af lögfestingu grundvallarreglna um réttindi barns í I. kafla barnalaga, sbr. lög nr. 61/2012, og lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, megi fullyrða að samningur sem sé andstæður hag og þörfum barns sé jafnframt andstæður lögum. Var því lögð til orðalagsbreyting á skyldum sýslumanns án þess að fela í sér beina efnisbreytingu.
- Gerðar voru breytingar varðandi 33. gr. a barnalaga sem snýr að sáttameðferð. Afnuminn var fyrirvari um að tjáning geti verið barni skaðleg eða sé þýðingarlaus fyrir úrslit máls. Þess í stað er áréttað að gefa skuli barni kost á að tjá sig við sáttameðferð í samræmi við aldur þess og þroska, telji sáttamaður það þjóna hagsmunum barnsins. Var orðalagið talið í betra samræmi við ákvæði 3. mgr. 1. gr. laganna og 12. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, sem leggja þá skyldu á aðildarríki að tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálsslega í ljós í öllum málum sem það varða.
- Nýtt ákvæði, 33. gr. b, um samtal að frumkvæði barns kom inn með breytingunum. Barn getur nú snúið sér til sýslumanns með ósk um að hann boði foreldra til samtals um fyrirkomulag forsjár, lögheimilis, búsetu og umgengni. Markmið samtals er að leiðbeina barni og foreldrum og leitast við að stuðla að fyrirkomulagi sem sé barni fyrir bestu að teknu tilliti til sjónarmiða þess. Sýslumaður getur óskað eftir liðsinni sérfræðings í málefnum barna við undirbúning og framkvæmd samtalsins.
- Gerðar voru breytingar varðandi 34. gr. barnalaga um dóma um forsjá, lögheimili barns o.fl. Í athugasemdum í greinargerð kemur fram að lagðar séu til breytingar til að skerpa á því að dómara beri að synja aðilum um dómsátt ef hún sé andstæð hag og þörfum barns eða lögum. Æskilegt þótti að taka þetta fram berum orðum í ákvæðinu þar sem þetta leiðir af 3. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, 2. mgr. 1. gr. barnalaga, nr. 76/2003, og 108. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991.
- Gerðar voru breytingar á 1. mgr. 43. gr. laganna um rétt barns til að tjá sig um mál. Í athugasemdum í greinargerð kemur fram að lagt sé til að skerpa á rétti barns til að tjá sig með því að afnema fyrirvara um að tjáning geti verið barni skaðleg eða sé þýðingarlaus fyrir úrslit máls. Þess í stað er áréttað með almennum hætti að gefa skuli barni kost á að tjá sig við meðferð máls í samræmi við aldur og þroska. Þetta orðalag er í betra samræmi við ákvæði 3. mgr. 1. gr. laganna og 12. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, sem leggja þá skyldu á aðildarríki að tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálsslega í ljós í öllum málum sem það varða. Ákvæðið er til fyllingar

2. mgr. 34. gr. laganna sem gerir ráð fyrir að dómari hafi hliðsjón af vilja barns að teknu tilliti til aldurs og þroska.

- Lög um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31/1993 (aldur hjónaefna, könnunarmenn o.fl.), nr. 40/2022 voru samþykkt á Alþingi 9. júní 2022.
 - Lögunum var m.a. ætlað að afnema undanþáguheimild sem var til staðar vegna lágmarksaldurs til þess að stofna til hjúskapar. Samkvæmt breytingunni getur dómsmálaráðuneytið ekki veitt einstaklingum undir 18 ára aldri undanþágu til að ganga í hjúskap.
 - Einnig var lögfest sú grunnregla sem talin er eiga við hér á landi, um viðurkenningu hjónavígslu sem stofnað er til erlendis ef hjúskapurinn uppfyllir hjónavígsluskilyrði og reglur um stofnun hjúskapar í vígslulandinu. Hjúskapur sem stofnað er til erlendis verður þó ekki viðurkenndur hér á landi ef annað hjóna eða bæði voru yngri en 18 ára þegar vígsla fór fram. Þegar sérstaklega stendur á og ótvíræðir hagsmunir þess sem var yngri en 18 ára krefjast þess verður þó heimilt að viðurkenna hjúskap hér á landi ef viðkomandi hafði náð 16 ára aldri þegar hjónavígsla fór fram og hjúskapurinn er viðurkenndur í því landi þar sem hjónavígslan fór fram. Hjúskapur sem að öðru leyti brýtur í bága við grunnreglur íslenskrar réttarskipunar eða allsherjarreglu verður ekki viðurkenndur hér á landi.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti:

- Lög um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu, snemmtækur stuðningur), nr. 78/2002, voru samþykkt á Alþingi 15 júní 2022.
 - Lögunum var m.a. ætlað að auka vægi réttinda barna samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins þar sem bætt var við ákvæði laganna sem endurspeglar valdar meginreglur barnasáttmálans, einkum 3. gr. sáttmálans um það sem er barni fyrir bestu og 12. gr. sáttmálans um þátttöku barna.

Mennta- og barnamálaráðuneyti:

- Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021, voru samþykkt á Alþingi 11. júní 2021.
 - Markmið laganna er að stuðla að farsæld barna þannig að börn og foreldrar sem áður þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Við framkvæmd laganna eiga réttindi barna að vera tryggð í samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist, einkum samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Í lögunum er áhersla lögð á að hagsmunir barns séu ávallt í fyrirrúmi og tekið er mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins í allri nálgun. Markmiðið er að veita börnum og fjölskyldum þeirra snemmtækan stuðning og viðeigandi aðstoð þegar þörf þykir. Mikið er lagt upp úr því að stuðla að virku samstarfi allra þeirra aðila sem hlutverki gegna í lífi barns.

- Leitast var við að gæta að því jafnvægi sem leiðir af barnasáttmálanum og þarf að ríkja annars vegar á milli réttinda barna og foreldra þeirra eða fjölskyldu og hins vegar á milli ábyrgðar foreldra og skyldu hins opinbera til að grípa til aðgerða þegar þörf krefur.
- Niðurstaða mats á áhrifum á réttindi barna var að frumvarpið gæti haft margvísleg jákvæð áhrif á réttindi barna og stuðlað að því að íslensk stjórnvöld uppfylltu í auknum mæli skyldur sínar samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, sbr. 4. gr. samningsins. Frumvarpið felur meðal annars í sér jákvæð áhrif á öll grundvallarákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins en þau fela í sér bann gegn mismunun, að allar ákvarðanir eða ráðstafanir yfirvalda byggist á því sem er barninu fyrir bestu, rétt barna til lífs og þroska og rétt til að láta skoðanir sínar í ljós í þeim málum er þau varða. Til viðbótar við grundvallarákvæðin felur frumvarpið í sér jákvæð áhrif á ábyrgð ríkisins og foreldra, réttindi fatlaðra barna og réttindi barna til upveldis og þroska. Þá styður frumvarpið við rétt barna til heilsuverndar, menntunar, félagslegrar aðstoðar, góðra lífsskilyrða og verndar gegn ofbeldi og vanrækslu. Tekið er tilliti til friðhelgi fjölskyldu og einkalífs með því að gæta að jafnvægi milli sjálfstæðra réttinda barna, ábyrgðar foreldra og skyldu ríkisvaldsins til að grípa til aðgerða á sambærilegan hátt og gert er í samningi Sameinuðu þjóðanna.
- Lög um breytingar á ýmsum lögum í þágu barna (sambætting þjónustu o.fl.), nr. 107/2023, voru samþykkt á Alþingi 12. desember 2023.
 - Lögin fólu í sér breytingar á fimm lagabálkum á málefnasviði mennta- og barnamálaráðuneytisins, en þeir voru lög um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, æskulýðslög og íþróttalög. Lögin voru hluti af heildarendurskoðun á lagaumhverfi ráðuneytisins eftir samþykkt laga um sambættingu þjónustu í þágu farsældar barna og samþykkt þingsályktunar um barnvænt Ísland – framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í lögum voru m.a. lagðar til breytingar sem miða að því að samræma ákvæði laganna við ákvæði barnasáttmálans. Er þar einkum litið til ákvæðis 12. gr. sáttmálans um þátttöku barna. Þær breytingar sem urðu að lögum miða sérstaklega að því að auka vægi þátttöku barna við stefnumótun. Við undirbúning frumvarpsins var sérstaklega litið til þess að vinna á virkan hátt að því að ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, komi til framkvæmda. Þannig er til að mynda áréttað í frumvarpinu að við meðferð og úrlausn mála skuli tekið tillit til sjónarmiða og skoðana barns í samræmi við hagsmuni þess hverju sinni. Þá er að finna fjölmörg ákvæði þar sem skylda stjórnvalda skv. 12. gr. barnasáttmálans er sérstaklega áréttuð.
- Lög um breytingu á lögum um námsstyrki, nr. 79/2003 (nemendur með alþjóðlega vernd), nr. 85/2024 voru samþykkt á Alþingi 21. júní 2024.

- Lögunum er ætlað að styrkja rétt nemenda sem hlotið hafa alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða með þeim hætti að þeir fái sama rétt til námsstyrkja og íslenskir ríkisborgarar og erlendir ríkisborgarar sem eiga rétt til slíks styrks samkvæmt samningum við önnur ríki. Var m.a. litið til barnasáttmálans við útfærslu laganna er varða rétt barna til menntunar, þá einkum ákvæðis 2. gr. og 1. mgr. 28. gr. barnasáttmálans.

2.16 Fullgilding þriðju valfrjálsu bókunarinnar við barnasáttmálann

Markmið:

Að börn geti leitað til barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna með mál sín.

Aðgerð:

Íslensk stjórnvöld fullgildi þriðju valfrjálsu bókunina og tryggji aðgengi barna að kvörtunarferli barnaréttarnefndarinnar.

Staða: Ekki hafið

2.17 Fullgilding Haag-samningsins um lögsögu, gildandi lög, viðurkenningu, fullnustu og samstarf varðandi foreldraábyrgð og ráðstafanir til verndar börnum

Markmið:

Að íslensk stjórnvöld fullgildi Haag-samninginn um barnavernd frá 1996.

Aðgerð:

Í samræmi við athugasemdir barnaréttarnefndarinnar fullgildi íslensk stjórnvöld Haag-samninginn um barnavernd frá 1996. Markmið samningsins er meðal annars að koma á samstarfi milli ríkja um vernd barna hvað varðar lögsögu, gildandi lög og fullnustu réttinda.

Staða: Í farvegi

- Drög að lagafrumvarpi eru til vinnslu í dómsmálaráðuneytinu, sem ætlað er að lögfesta Haag-samninginn um lögsögu, gildandi lög, viðurkenningu, fullnustu og samstarf varðandi foreldraábyrgð og ráðstafanir til verndar börnum vegna fyrirhugaðrar aðildar Íslands að samningnum.
- Stefnt er að því að leggja fram frumvarp á Alþingi og þingsályktunartillögu um aðild að samningnum fyrir árslok 2025.

2.18 Samræmingaraðili

Markmið:

Að tryggja samræmda innleiðingu á réttindum barna.

Aðgerð:

Stýrihópur Stjórnarráðsins í málefnum barna verði lögfestur og honum fengið hlutverk samræmingaraðila. Honum verði falin markviss og samræmd innleiðing barnasáttmálans og þátttöku barna, þvert á ráðuneyti, opinberar stofnanir og stjórnsýslustig. Stýrihópurinn verði þannig sá aðili sem tryggi framfylgd þessarar stefnu. Ráðnir verði starfsmenn stýrihópsins til að tryggja að hann geti sinnt þessu hlutverki.

Staða: Lokið

- Í lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021, er fjallað um samráðsvettvang fulltrúa ráðherra sem skulu hafa samráð sín á milli í þágu farsældar barna, sbr. 3. mgr. 3. laga nr. 86/2021.
- Hlutverk stýrihópsins er víðtækt en í honum sitja fulltrúar frá mennta- og barnamálaráðuneytinu, heilbrigðisráðuneytinu, dómsmálaráðuneytinu, fjármála- og efnahagsráðuneytinu, forsætisráðuneytinu, innviðaráðuneytinu og félags- og húsnæðismálaráðuneytinu.
- Stýrihópnum er falið að vera formlegur samráðsvettvangur ráðuneyta um málefni og réttindi barna.

2.19 Eftirfylgni með lokaathugasemdum barnaréttarnefndarinnar

Markmið:

Að markvisst sé brugðist við lokaathugasemdum barnaréttarnefndarinnar.

Aðgerð:

Verkefnahópi sem stóð að ritun skýrslu stjórnvalda til barnaréttarnefndarinnar verði falið að leggja fram viðbragðsáætlun um hvernig stjórnvöld áætli að bregðast við lokaathugasemdum barnaréttarnefndarinnar eftir úttekt hennar árið 2022.

Staða: Lokið

- Verkefnahópur Stjórnarráðsins um lokaathugasemdir barnaréttarnefndarinnar hittist reglulega og uppfærir tvisvar á ári stöðuskjal sem inniheldur allar athugasemdir barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna til íslenskra stjórnvalda.
- Á fundunum eru teknar fyrir aðgerðir og áætlaðar aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að bregðast við athugasemdunum hverju sinni og hugsanleg álitaefni rædd.

2.20 Barnvæn sveitarfélög

Markmið:

Að öll sveitarfélög innleiði barnasáttmálann markvisst.

Aðgerð:

Unnið verði að því að öll sveitarfélög á Íslandi hefji markvissa innleiðingu barnasáttmálans, undir formerkjum verkefnisins Barnvæn sveitarfélög. Öllum sveitarfélögum standi til boða markviss ráðgjöf og fræðsla við innleiðingu verkefnisins frá íslenskum stjórnvöldum og UNICEF á Íslandi.

Staða: Í farvegi

- 23 sveitarfélög eru þátttakendur í verkefninu Barnvæn sveitarfélög, en verkefnið snýr að því að sveitarfélög innleiði barnasáttmálann í alla stjórnsýslu og starfsemi.
- Í lok apríl 2025 höfðu Akureyri, Kópavogur, Reykjanesbær og Hornafjörður hlotið formlega viðurkenningu sem Barnvæn sveitarfélög. Sex sveitarfélög til viðbótar stefna á viðurkenningu á árinu 2025.
- Fjöldi barna sem búa í sveitarfélögum sem taka þátt í innleiðingu verkefnisins er yfir 40.000, eða 50,7% af öllum börnum á Íslandi.
- Stýrihópur um verkefnin Barnvæn sveitarfélög og Réttindaskóli- og frístund var stofnaður af mennta- og barnamálaráðuneytinu sem var fyrst og fremst ætlað að vera til stuðnings við framgang verkefnanna. Skipunartími hópsins var til samræmis við stefnu þessa.
- Í nóvember 2023 stóðu UNICEF á Íslandi og mennta- og barnamálaráðuneytið fyrir hringborðsumræðum bæjar- og sveitarstjóra í Barnvænum sveitarfélögum. Þar gafst tækifæri til þess að ræða árangur innleiðingar barnasáttmálans og stöðu réttinda barna við mennta- og barnamálaráðherra.
- UNICEF hefur gefið út eftirfarandi fræðsluefni í tengslum við verkefnið sem finna má á heimasíðu UNICEF (www.unicef.is):
 - Í byrjun árs 2025 var handbók Barnvænna sveitarfélaga endurútgefin.
 - Við endurskoðun handbókar Barnvænna sveitarfélaga átti UNICEF samstarf við Barna- og fjölskyldustofu sem byggði nýjar leiðbeiningar og handbók um innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna á leiðbeiningum Barnvænna sveitarfélaga. Í nýrri handbók UNICEF er að finna hjálplegar tengingar milli innleiðingar laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021, og barnasáttmálans.
 - Í júní 2024 gaf UNICEF út sniðmát og leiðarvísi fyrir sveitarfélög um gerð barnvæns hagsmunamats.
 - Í febrúar 2023 gaf UNICEF út „Ráð til ungmennaráða“. Þar er að finna leiðbeiningar varðandi starfsemi ungmennaráða sveitarfélaga.
 - Í október 2023 kom út hefti með fyrirmyndarverkefnum Barnvænna sveitarfélaga.

- Rafræn námskeið fyrir UNICEF-Akademíuna í tengslum við verkefnið voru tekin upp og eru aðgengileg á heimasíðu UNICEF.

2.21 Farsældarborð

Markmið:

Að til staðar sé víðtækt tölfræðilegt yfirlit yfir velferð, líðan og réttindi barna á Íslandi. Tölfræðigögnin séu aðgengileg í mælaborði.

Aðgerð:

Farsældarmælaborð, sem byggist á mælaborði sem hefur verið í þróun síðustu ár, verði aðgengilegt öllum. Mælaborðið birti ópersónugreinanleg tölfræðigögn um börn markvisst og taki saman stöðu barna á landsvísu. Mælaborðið birti farsældarvísa um stöðu og réttindi barna og verði haft til hliðsjónar við forgangsöröðun verkefna og stefnumótun stjórnvalda. Mælaborðið verði þannig nýtt sem vegvísir innan stjórnkerfisins.

Staða: Lokið

- Mennta- og barnamálaráðuneytið opnaði formlega mælaborð yfir farsæld barna á Íslandi í apríl 2024, sem er aðgengilegt á vefnum www.farsaeldbarna.is.
- Mælaborðið var unnið í víðtæku samráði við hagaðila, háskólasamfélagið og aðila innan Stjórnarráðsins.
- Mælaborðinu er ætlað að nýtast við innleiðingu farsældarlaga og gagnadrifinnar stefnumótunar um hag barna ásamt því að veita yfrsýn yfir stöðu farsældar barna með sérstaka áherslu á viðkvæma hópa og samfélagslegar áskoranir.
- Mælaborðið hefur verið í þróun í nokkur ár og byggir á fimm grunnstoðum farsældar, sem eru:
 - Menntun
 - Heilsa og vellíðan
 - Öryggi og vernd
 - Lífsgæði og félagsleg staða
 - Þátttaka og vernd
- Undir hvern grunnþátt falla tölfræðigögn sem gefa mynd af stöðu hvers þáttar og lýsa farsæld barna hér á landi með heildstæðum hætti.
- Gögnin eru birt út frá fjölda bakgrunnsbreyta og hægt að skoða þau með tilliti til landshluta og átta stærstu sveitarfélaganna.

2.22 Greining útgjalda með tilliti til réttinda barna

Markmið:

Að þróa verklag sem miðar að því að greina útgjöld hins opinbera út frá réttindum barna, með sérstakri áherslu á að skoða úthlutun fjármagns til þjónustu og verkefna fyrir viðkvæma hópa barna.

Aðgerð:

Þróað verði verklag sem miði að því að greina opinber útgjöld út frá réttindum barna, með sérstakri áherslu á að skoða úthlutun fjármagns til þjónustu og verkefna fyrir viðkvæma hópa barna. Verklagið auðveldi stjórnvöldum samanburð á úthlutun fjármagns til ólíkrar þjónustu fyrir börn milli ára, tímabila og landsvæða/hverfa. Jafnframt sé verklagið í samræmi við kröfur barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna um innleiðingu barnasáttmálans.

Staða: Í farvegi

- Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur verið í samstarfi með Sameinuðu þjóðunum frá árinu 2022 varðandi greiningu á kerfum sem þjónusta börn hér á landi í þeim tilgangi að opinber fjármál séu tæki til árangurs, umbreyting og eftirfylgni innleiðingar framþróunar og stefnumótunar í málefnum barna. Markmiðið er því að tryggja fjárfestingu í aðferðum sem vitað er að skila þeim árangri sem sóst er eftir og tryggja raunverulegar réttindamiðaðar umbætur í þágu barna og samfélagsins.
- Í maí 2025 birtu Sameinuðu þjóðirnar verkfærakistu um fjárfestingu í velferð og réttindum barna, sem byggir m.a. á samvinnu við mennta- og barnamálaráðuneytið, sem verður til stuðnings við ríki og aðra hagsmunaaðila sem koma að málefnum barna. Verkfærakistunni er ætlað að hafa jákvæð áhrif á ákvarðanir sem varða fjárhagsáætlanir og fjárfestingar í málefnum barna og sýna fram á tengsl þeirra við réttindi barna.²
- Á grundvelli þeirrar vinnu verða lagðar fram tillögur um næstu skref hjá íslenskum stjórnvöldum.

2.23 Áhersla á mannréttindi og velferð barna í alþjóðlegu samstarfi

Markmið:

Að Ísland verði leiðandi í að vekja athygli á velferð og réttindum barna í alþjóðlegu samstarfi.

Aðgerð:

Íslensk stjórnvöld setji sér áætlun um hvernig Ísland geti verið leiðandi í alþjóðlegu samstarfi hvað varðar velferð og réttindi barna og tilheyrandi málafylgju á alþjóðavettvangi,

² https://violenceagainstchildren.un.org/sites/violenceagainstchildren.un.org/files/documents/investment-case/building_the_investment_case_for_ending_violence_against_children_-_toolkit.pdf

með áherslu á nýsköpun og samþættingu í velferðarþjónustu í þágu barna og mikilvægi þátttöku barna í opinberri stefnumótun.

Staða: Í farvegi

- Ísland hefur markvisst beitt sér fyrir mannréttindum barna á alþjóðlegum vettvangi á gildistíma stefnunnar. Ísland hefur tekið virkan þátt í umræðum um málefni barna á vettvangi alþjóðastofnana, þ.m.t. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðinu.
- Ísland hefur verið stuðningsríki ályktana og yfirlýsinga er varða mannréttindi barna á vettvangi alþjóðastofnana, m.a. um réttindi barna og útrýmingu ofbeldis gegn þeim.
- Mikil áhersla hefur verið lögð á að kynna gott starf sem unnið hefur verið hér á landi á erlendum vettvangi, líkt og barnvænt réttarkerfi, með sérstakri vísan til Barnahúss og barnvæns samfélags, í þeim tilgangi að varða öðrum ríkjum leiðina og miðla góðri reynslu sem gæti nýst þeim.

Sameinuðu þjóðirnar

- Fastanefndir Íslands í New York og Genf hafa lagt aukið vægi á réttindi barna og ungmenna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna á gildistíma stefnunnar.
- Fulltrúar Íslands hafa tekið virkan þátt í umræðum um málefni barna, bæði á vettvangi allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna og mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna. Sérstök áhersla hefur verið lögð á það, bæði í samningaviðræðum um ályktanir og ræðum, að útrýma ofbeldi gegn börnum, t.d. með banni við limlestingum á kynfærum stúlkubarna, barnahjónaböndum og mansali.
- Ísland hefur haft það að markmiði að gefa tilmæli um hvað betur mætti fara í réttindum barna, þ.m.t. bann við barnahjónaböndum, mikilvægi kynfræðslu fyrir börn og ungmenni og mikilvægi kyn- og frjósemisréttinda fyrir stúlkubörn, þegar ríki gangast undir allsherjarúttekt mannréttindaráðsins (e. Universal Periodic Review (UPR)) en allsherjarúttektin byggir á jafningjarýni ríkja, þ.e. að ríkin fari yfir stöðu mannréttindamála hvers aðildarríkis og komi með ábendingar og áskoranir um það sem betur mætti fara.
- Ísland er meðlimur í vinahópi Sameinuðu þjóðanna um börn og heimsmarkmiðin en vinahópurinn tekur virkan þátt í mörgum ferlum á vettvangi SP, til dæmis í samningaviðræðum um pólitíska yfirlýsingu leiðtogafundar um heimsmarkmiðin (SDG Summit).

Seta Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna 2025-2027

- Í setu Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna 2025 til 2027 er lögð sérstök áhersla á réttindi barna. Ísland mun tala fyrir því að börn verði sett í forgrunn við stefnumótun með því að samþætta þjónustu og verndarkerfi og vekja athygli á mikilvægi frekari aðgerða til að sporna gegn ofbeldi gegn börnum.
- Barnvænt réttarkerfi og reynsla Íslands í þeim málum verður kynnt, með sérstakri vísan til Barnahúss og barnvæns samfélags.
- Ísland mun tala fyrir mikilvægi aukinnar þátttöku barna og ungmenna í stefnumótun og ákvarðanatöku, sem virkra borgara í lýðræðissamfélagi.

- Í mars 2025 hélt fastanefnd Íslands í Genf, í samstarfi við mennta- og barnamálaráðuneytið, viðburð þar sem voru kynntir nýir alþjóðlegir staðlar um þjónustu við börn sem eru fórnarlömb ofbeldis og byggja á starfsemi hins íslenska Barnahúss. Leiðbeiningarnar voru gefnar út af ISO, stærstu staðlasamtökum í heimi, og ná til 172 aðildarríkja samtakanna. Um 40 ríki, alþjóðastofnanir og samtök hafa unnið að stöðlunum, m.a. UNICEF, barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðið o.fl. Í framhaldi af viðburðinum er unnið að umsókn til ISO um stofnun tækninefndar á sviði barnaréttar og frekari vinnu við staðla í barnavernd og barnarétti.

Evrópuráðið

- Í formennsku Íslands í Evrópuráðinu frá nóvember 2022 til maí 2023 voru málefni barna og ungmenna meðal áherslumála. Áhersla var lögð á að draga fram atriði sem unnin hafa verið á Íslandi í þágu barna og hafa reynst vel, með sérstakri vísan í Barnahús og barnvænt samfélag. Ísland heldur áfram að beita sér fyrir málefnum barna á vettvangi Evrópuráðsins.
- Páll Magnússon, sendiráðunautur hjá fastanefnd Íslands í Genf, er jafnframt fulltrúi Íslands í Lanzarotenefnd Evrópuráðsins, en hlutverk hennar er m.a. að hafa eftirlit með framkvæmd samnings aðildarríkja um vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi.

UNESCO

- Fastanefnd Íslands hjá UNESCO starfar með mennta- og barnamálaráðuneytinu að málefnum barna og ungs fólks á vettvangi menntamála.
- Fastanefndin hefur frá upphafi setu í framkvæmdastjórn stofnunarinnar (2021-2025) lagt áherslu á börn og ungt fólk í starfi sínu, m.a. með samráði við íslenska og norræna ungmennafulltrúa og hvatningu til virkrar þátttöku á fundum og ráðstefnum.
- Ísland talar fyrir jafnréttismiðaðri nálgun á málefni ungs fólks hjá UNESCO og því að ungmennafulltrúar hafi raunveruleg tækifæri til þess að hafa áhrif á starfsemi stofnunarinnar.
- Ísland talar áfram fyrir kynjajafnrétti og aðgengi allra að gæðamenntun, ásamt því að fastanefndin hefur beitt sér sérstaklega hvað varðar aðgengi afganskra stúlkna og kvenna að menntun og leitt yfirlýsingu og samningaviðræður um ályktanir á sviðinu.

2.24 Áhersla á börn í þróunarsamvinnu Íslands

Markmið:

Að Ísland leggi áherslu á réttindi og velferð barna sem grundvallarþátt í mannréttindamiðaðri þróunarsamvinnu.

Aðgerð:

Markvisst verði stutt við verkefni sem stuðla að velferð barna og ungmenna í tvíhliða þróunarsamvinnu og samstarfi við undirstofnanir Sameinuðu þjóðanna, þ.m.t. UNICEF, í samræmi við stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019–2023. Stefnumið fyrir mannréttindamiðaða þróunarsamvinnu Íslands eru í mótun og munu réttindi barna verða einn meginþáttur þeirra.

Staða: Lokið

- 15. desember 2023 samþykkti Alþingi stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir árin 2024–2028. Í stefnunni er lögð enn meiri áhersla á mannréttindi og jafnrétti kynjanna, sem er bæði sérstakur málaflokkur og þverlægt málefni. Þar kemur fram að „Ísland leggi mannréttindi til grundvallar stefnu sinni, setji jafnrétti kynjanna og réttindi barna í öndvegi og styðji við berskjaldaða hópa, þar á meðal hinsegin fólki og fatlað fólki“.
- Annar málaflokkur sem lögð er áhersla á er uppbygging mannauðs og samfélagslegra grunnstoða þar sem lögð er áhersla á innviði og þjónustu á borð við góða menntun, næringu, heilbrigðisþjónustu, vatn og hreinlætisaðstöðu, sem allt telst til grundvallarmannréttinda. Í stefnunni kemur fram að „réttindi barna og ungmenna [séu] höfð að leiðarljósi“.
- Ísland styður við réttindi barna í gegnum tvíhliða þróunarsamvinnu í samstarfslöndum sínum, einkum réttinn til heilbrigðisþjónustu, hreins drykkjarvatns og grunnmenntunar sbr. 24. og 28. gr. barnasáttmálans.

Fjölþjóðleg þróunarsamvinna

- Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) er ein af fjórum áherslustofnunum í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands, en núverandi samningur nær til ársins 2026. Stofnunin sinnir fjölmörgum verkefnum sem ætlað er að efla réttindi barna, bæta velferð, lífsgæði og aðgang að þjónustu. Kjarnaframlag frá Íslandi hækkaði um 50% árið 2023 og stóð í 230 m.kr. árið 2024.
- Ísland hefur stutt sérstök verkefni á vegum UNICEF síðustu ár í samræmi við aðgerð þessa, s.s. heilbrigðistengd verkefni í Palestínu. Þá er ætlað að hefja samstarf um uppbyggingu Barnahúsa í Úkraínu á komandi árum, í samvinnu við Barna- og fjölskyldustofu á Íslandi og UNICEF.
- Landsnefnd UNICEF á Íslandi er studd um 12 m.kr. á ári í rammasamningi 2023–2025, en landsnefndin sinnir málsvarastarfi á Íslandi og fjáröflun fyrir UNICEF.
- Ísland hefur stutt verkefni UNICEF og UNFPA um afnám limlestinga á kynfærum kvenna og stúlkna (e. FGM) í tæp 15 ár, en síðustu þrjú ár hefur framlagið numið um 27 m.kr. á ári.
- Ísland hefur stutt jafnréttissjóð UNICEF (e. Gender Thematic Fund) um 27 m.kr. á ári síðustu þrjú ár, en sjóðurinn styður verkefni með áherslu á menntun stúlkna í þróunarríkjum.
- Ísland hefur um árabíl stutt starfsemi Palestínuflóttamannaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna (UNRWA). Stofnunin rekur skóla og heilbrigðisþjónustu og veitir

palestínskum börnum margvíslega þjónustu, bæði í flóttamannabúðum og utan þeirra, þ.m.t. í Sýrlandi og á Gaza.

Tvíhliða þróunarsamvinna Íslands

Menntun

- Megináherslan í menntaverkefnum Íslands er að bæta aðgang að og gæði grunnmenntunar í fátækum og afskekktum samfélögum svo tryggja megi öllum börnum jöfn tækifæri til menntunar. Málafni fatlaðra barna eru þverlæg í stuðningi Íslands við menntun.
- Í samstarfi við héraðsyfirvöld í Malaví og Úganda er heildrænn stuðningur veittur til að bæta námsumhverfi barna sem felst m.a. í nýbyggingu/endurbótum á skólabyggingum og öðrum innviðum, bættum bókakosti og námsgögnum, skólamáltíðum fyrir nemendur og hreinu vatni og kynskiptum salernum við skólana.
- Verkefni Íslands styðja bættu hreinlætisaðstöðu fyrir stúlkur og brennsluofna fyrir tíðavörur í skólum til að stuðla að bættu tíðaheilbrigði stúlkna, en blæðingar geta annars valdið því að stúlkur mæti ekki í skólann sem eykur hættu á að þær flosni upp úr námi. Einnig fá kennarar þjálfun/stuðning til frekari menntunar og skólanefndir, foreldrar og aðrir haghafar hljóta vitundarvakningu og þjálfun um mikilvægi menntunar.
- Í Úganda styður Ísland, í samvinnu við Matvælaáætlun Sp (WFP), verkefni sem samþættir umhverfisvernd, loftlagsaðgerðir og matvælaöryggi, en 67.022 nemendur í Karamoja í Úganda hafa nú aðgang að betri skólamáltíðum fyrir tilstilli orkusparandi eldunaraðstöðu í 55 skólum.
- Í Síerra Leóne styður Ísland, í samstarfi við UNICEF, verkefni í sjávarbyggðum sem stuðlar að bættri umönnun og menntun ungra barna, m.a. með því að setja á fót og styðja við starfsemi leikskóla. Rúmlega 110 þúsund börn nutu góðs af stuðningi Íslands til verkefna innan menntunar í samstarfslöndunum þremur, Malaví, Úganda og Síerra Leóne árið 2024.

Vatn og hreinlæti

- Lögð er áhersla á að koma hreinu drykkjarvatni til íbúa og bæta aðgengi að salernis- og hreinlætisaðstöðu í tvíhliða samvinnu Íslands við samstarfsríki sín þrjú:
 - Í Malaví hefur Ísland unnið með héraðsyfirvöldum í Mangochi-héraði að því að tryggja aðgengi að hreinu drykkjarvatni fyrir 395 þúsund manns ásamt því að styðja við bættu salernis- og hreinlætisaðstöðu við heimili, skóla, heilsugæslustöðvar. Í Nkhotakota-héraði fengu tæplega 10 þúsund manns bætt aðgengi að vatni vegna byggingar 12 nýrra vatnsveita og viðgerða á 25 veitum árið 2024, en 33 þúsund íbúar til viðbótar munu fá aðgang að hreinu vatni með nýjum og endurbættum vatnsinnviðum á verkefnatímanum.
 - Í Úganda hefur Ísland unnið með héraðsyfirvöldum í Buikwe við að tryggja aðgengi að hreinu vatni fyrir um 65 þúsund manns ásamt bættri salernis-

og hreinlætisaðstöðu, þar á meðal í skólum. Í Namayingo-héraði hefur Ísland stutt uppbyggingu á vatnslindum og bætt hreinlætisaðstöðu sem um 26 þúsund manns njóta góðs af. Þar að auki styður þróunarsamvinna Íslands verkefni UNICEF í flóttamannabygðum og móttökusamfélögum þeirra í norðurhluta Úganda. Í fyrri fasa verkefnisins hlutu 40 þúsund manns bætt aðgengi að vatni og hreinlætisaðstöðu í skólum og heilsugæslustöðvum og mun núverandi fasi, sem lýkur í lok árs 2025, ná til 45 þúsund manns til viðbótar.

- Í Síerra Leóne hefur Ísland í samstarfi við UNICEF tryggt um 60 þúsund manns í strandbyggðum landsins aðgengi að hreinu vatni og bættri salernis- og hreinlætisaðstöðu og við það munu bætast um 50 þúsund í núverandi verkefnafasa.

Mæðra- og ungbarnaheilsa

- Í Malaví er lögð áhersla á uppbyggingu heilbrigðisinnviða og lýðheilsu með sérstaka áherslu á mæðra- og ungbarnaheilsu. Níu fæðingardeildir hafa verið byggðar í Mangochi-héraði sem sinna fæðingarþjónustu fyrir hátt í 70 þúsund konur, auk þess sem minni heilsugæslur hafa verið reistar í afskekktum sveitahéruðum þar sem börn yngri en fimm ára fá bólusetningar og ungbarnavernd.
- Í nýju verkefni í Nkhotakota-héraði verður lögð áhersla á að bæta heilbrigðisinnviði fyrir mæður og ungabörn, en gert er ráð fyrir að 38 þúsund stúlkur og konur á barneignaraldri og börn yngri en 5 ára muni njóta góðs af.
- Í öllum samstarfslöndum sínum styður Ísland verkefni UNFPA um útrýmingu fæðingarfistils.
- Forvarnir, sem snúast um bætt mæðravernd og heilbrigðisþjónustu, gegna einnig stóru hlutverki.
- Ísland styður verkefni UNFPA í Síerra Leóne gegn kynfæralímlestingu stúlkna og er þar unnið með grasrótarsamtökum, ásamt því að veita aðstoð í kjölfar límlestingar til ungra stúlkna sem á þurfa að halda.
- Ísland stendur vörð um réttindi barna í gegnum verkefni með félagasamtökum. Barnaheill – Save the Children á Íslandi styðja langtímapróunarsamvinnu í Pujehun-héraði í Síerra Leóne og Bong-héraði í Líberíu þar sem megináhersla er á barnavernd. Markmiðið er að vernda börn á skólaaldri gegn öllu ofbeldi, sér í lagi gegn kynbundnu og kynferðisofbeldi og nýta Barnaheill á Íslandi þar sérþekkingu sína í málefnum forvarna gegn kynferðisofbeldi á börnum. Barnaheill styðja einnig tvö verkefni í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, sem snúa annars vegar að vernd götubarna og hins vegar að vernd barna gegn ofbeldi á átakasvæðum.
- Ísland er í samstarfi við þroskahjálp í Malaví þar sem stutt er við menntun og samfélagsþátttöku fatlaðra barna í Mangochi-héraði í Malaví. Markmið verkefnisins er að auka möguleika fatlaðra barna til náms og þátttöku í samfélaginu og vinna að vitundarvakningu um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, en stjórnvöld í Malaví gerðust aðili að samningnum árið 2009. Verkefnið er framkvæmt í Mangochi-héraði í Malaví þar sem Ísland sinnir einnig tvíhliða þróunarsamvinnu í

samstarfi við héraðsfirvöld. Verkefnið er fyrst og fremst mannréttindaverkefni sem stefnir að því að tryggja mannréttindi fatlaðra barna í Mangochi.

- Ísland er í samstarfi við SOS Barnahóspítali sem reka verkefni í Tógó sem felur í sér fyrirbyggjandi aðgerðir, stuðning og umönnun barna og stúlkna sem hafa orðið fyrir kynferðislegri misneytingu og ofbeldi með áherslu á að halda ungum stúlkum í skóla. Með stuðningi utanríkisráðuneytisins styðja SOS Barnahóspítali einnig verkefni um fjölskylduefningu í Eþíópíu og Malaví, þar sem áhersla er m.a. á að styðja tekjuöflun fjölskyldna og skólagöngu barna, ásamt upplýsingagjöf og fræðslu um vernd barna og jákvætt uppeldi.

2.25 Árleg skýrsla ráðherra um innleiðingu barnasáttmálans

Markmið:

Að tryggja eftirfylgni með innleiðingu barnasáttmálans.

Aðgerð:

Stýrihópur Stjórnarráðsins í málefnum barna kalli árlega eftir upplýsingum frá ráðuneytum um innleiðingu barnasáttmálans. Ráðherra sem ber ábyrgð á stýrihópi Stjórnarráðsins í málefnum barna hverju sinni leggi í kjölfarið fram ársskýrslu um stöðu innleiðingar barnasáttmálans. Skýrslan verði einnig liður í markvissum undirbúningi stjórnvalda fyrir reglulegar fyrirtökur hjá barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna.

Staða: Lokið

- Á gildistíma stefnu þessarar voru reglulega teknar saman upplýsingar um stöðu aðgerða hjá ráðuneytum og öðrum aðilum sem komu að aðgerðum á einhvern hátt og eftirfylgni með innleiðingu barnasáttmálans samkvæmt stefnunni tryggð með þeim hætti. Ekki var birt formleg skýrsla þess efnis hverju sinni og er þetta fyrsta opinbera skýrsla ráðherra.

2.26 Regluleg könnun á innleiðingu hjá ráðuneytum, stofnunum og sveitarfélögum

Markmið:

Að þróun innleiðingar barnasáttmálans hjá stjórnvöldum og sveitarfélögum verði könnuð reglulega.

Aðgerð:

Embætti umboðsmanns barna meti stöðu á innleiðingu barnasáttmálans að minnsta kosti annað hvert ár til að fylgjast með þróun og kanna innleiðingu barnasáttmálans. Könnunin nái til ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga.

Staða: Lokið

- Markmið könnunarinnar var að afla upplýsinga um stöðu innleiðingar barnasáttmálans í íslenski stjórnslu og fyrirkomulag samráðs stofnana við börn.
- Einnig taldi umboðsmaður barna mikilvægt að fá yfirlit yfir þekkingu og vitund starfsmanna um sáttmálann og þau réttindi sem þar er kveðið á um og meta ávinning af lögfestingu sáttmálans.
- Í janúar 2020 lagði umboðsmaður barna könnun um innleiðingu barnasáttmálans fyrir stofnanir og sveitarfélög. Könnunin var send til 155 stofnana og bárust 132 svör.
- Í október 2022 var könnunin framkvæmd í annað sinn og var þá send til 152 stofnana og bárust 89 svör.
- Af niðurstöðum könnunarinnar má ráða að meðal stofnana og ráðuneyta er áhugi á að taka næstu skref í innleiðingu barnasáttmálans og að ákall er eftir fræðslu og leiðbeiningum sem gera þeim kleift að stíga þau skref. Embætti umboðsmanns barna hefur m.a. brugðist við því ákalli með því að gefa út leiðbeiningar um hvernig eigi að leggja mat á það sem er barni fyrir bestu þegar taka á ákvörðun eða ráðast í aðgerðir sem varða börn, með beinum eða óbeinum hætti, og birta á heimasíðu sinni, www.barn.is. Þá mun umboðsmaður veita stofnunum fræðslu um notkun leiðbeininganna.
- Að mati umboðsmanns barna vakti könnunin margt starfsfólk stofnana til umhugsunar um þá þætti starfseminnar sem snúa beinlínis að börnum eða varða þau með óbeinum hætti, sem er afar jákvætt. Í einhverjum tilvikum gáfu svör til kynna að könnunin hefði þegar orðið hvati að umræðum um frekari aðgerðir sem miða að innleiðingu barnasáttmálans og aukinni þátttöku barna.

2.27 Könnun meðal barna á innleiðingu barnasáttmálans

Markmið:

Að þekking barna á réttindum sínum og upplifun þeirra af innleiðingu sáttmálans verði könnuð reglulega.

Aðgerð:

Þátttökuvettvangurinn verði nýttur til þess að kanna þekkingu barna á réttindum sínum, auk upplifunar þeirra af innleiðingu sáttmálans. Könnun verði gerð að minnsta kosti annað hvert ár svo hægt verði að fylgjast með þróuninni.

Staða: Í farvegi

- Spurningum um þekkingu barna á barnasáttmálanum var bætt við spurningalista íslensku æskulýðsrannsóknarinnar sem lögð var fyrir í grunnskólum árið 2023.
- Þekking barna á barnasáttmálanum er könnuð sem hluti af innleiðingu verkefnisins Barnvænna sveitarfélaga og Réttindaskóla og -frístundar.

